

## Endurskoðunarnefnd

Árið 2013, miðvikudaginn 20. mars, var haldinn 36. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 08.30. Viðstödd voru: Ólafur B. Kristinsson, Sigrún Guðmundsdóttir og Sturla Jónsson. Fundarritari var Anna Margrét Jóhannesdóttir.

### Petta gerðist:

1. Undirritun fundargerða.
2. Endurskoðunarnefnd OR. Á fundinn kom endurskoðunarnefnd OR; Sigríður Ármannsdóttir, Gylfi Magnússon og Ingvar Garðarsson.
  - a. Farið var yfir framgang vinnu við ársreikning OR og helstu viðfangsefni sem vert er að vekja athygli á í tengslum við lokafrágang ársreikningsins.
  - b. Einnig gerði nefndin grein fyrir því að skýrsla endurskoðunarnefndar verði lögð fyrir stjórn OR og í framhaldi af því muni sú skýrsla vera send endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar.
  - c. Útboðsmál. Rætt um framgang útboðsmála. Fram kom að endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar hefur stillt upp samræmdum ramma um umfjöllun um innra eftirlitskerfi A-hluta og einstakra B-hluta félaga í væntanlegri útboðslýsingu. Jafnframt er áformað að setja upp gagnaherbergi sem skipulagt verður á grundvelli flokkunar eins og birtist í COSO-líkaninu.
  - d. Innra eftirlit hjá OR. Farið var lauslega yfir uppbyggingu á innra eftirliti hjá OR. Óskað var eftir gögnum er fjalla um innra eftirlit OR.
  - e. Farið var yfir skilgreiningu á hæfiskröfum í tengslum við útboðsgerðina.
3. Farið yfir minnisblað um væntanlega útboðslýsingu. Rætt um útfærslu á hugmyndinni um gagnaherbergi varðandi gögn um innra eftirlit, þ.e hvaða gögn eigi að vera þar og í hvaða formi þau eiga að berast.
4. Uppgjörsferill. Formaður gerði grein fyrir samskiptum við fulltrúa frá Deloitte. Verkefninu mun ljúka í fyrstu vikunni eftir páska með skýrsluskilum til endurskoðunarnefndar.
5. Rætt um fyrirkomulag og upplýsingagjöf í tengslum við ársreikninga og ársskýrslu B-hluta félaga.

### Fundi slitið kl. 11.30

Sigrún Guðmundsdóttir

Ólafur B. Kristinsson

Sturla Jónsson